NÍ_20.6.2022_umsögn vinnslutillaga

Til	:	María Markúsdóttir <mariam@akureyri.is>
Frá	:	Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurdsson@ni.is>
CC	:	Eydís Líndal Finnbogadóttir - NI <Eydis.L.Finnbogadottir@ni.is>
Heiti	:	NÍ_20.6.2022_umsögn vinnslutillaga
Málsnúmer	:	2021040690
Málsaðili	:	Ómar Ívarsson
Skráð dags	:	20.06.2022 00:00:00
Höfundur	:	Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurdsson@ni.is>

Viðhengi image001.png

> You don't often get email from snorri.sigurdsson@ni.is. Learn why this is important

Góðan dag,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Með kveðju,

Snorri

Tilvísun í mál nr. 202206-0006 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá Akureyrarbæ, dags. 6. júní 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu á vinnslustigi fyrir nýtt deiliskipulag í Grímsey ásamt breytingu á Aðaskipulagi Akureyrar 2018-2030.

Bæði deiliskipulagstillagan og aðalskipulagsbreytinguna eru vegna uppbyggingu á sex 6kW vindmyllum í Grímsey. Vindmyllurnar verða um 9 metrar á hæð og spaðarnir 5,6 m á þverál. Þeim verður komið fyrir á um 1 ha svæði á austurhluta Grímseyjar þar sem fyrir eru fjarskiptamöstur. Svæðið er því þegar raskað að einhverju leyti vegna mannvirkja.

Að mati Náttúrufræðistofnunar eru það fyrst og fremst áhrif á fuglalíf sem mögulega þarf að hafa áhyggjur af. Samkvæmt greinargerð tillögunnar dregur það úr áflugshættu að vindmyllurnar séu frekar litlar og standa þétt saman. Hins vegar eru áhrifin óviss og þess vegna er stefnt að því að Náttúrustofa Norðausturlands meti áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf og setji af stað vöktun því tengt. Það er mjög jákvætt að slíkt muni fara fram. Grímsey er mikilvægt fuglasvæði og þar eru stór sjófuglavörp og m.a. ein stærsta lundabyggð landsins. Áætluð staðsetning vindmyllnanna er ekki langt frá sjófuglabyggðum og þess vegna er áhrifamatið afar mikilvægt. Ef áflugshætta er metin óásættanlega mikil þarf að endurskoða

áformin.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi málsins en áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "María Markúsdóttir"
To: "Móttaka - NI" ; "nna@nna.is"
CC:
Subject: Aðalskipulagsbreyting og nýtt deiliskipulag fyrir vindmyllur í Grímsey - umsagnarbeiðni
Date: 7.6.2022 10:16:45

Góðan dag,

Óskað er umsagnar um meðfylgjandi tillögu á vinnslustigi fyrir nýtt deiliskipulag fyrir vindmyllur í Grímsey ásamt breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030.

Umsagnar er óskað fyrir 21.júní ef kostur er.

Bestu kveðjur,

María Markúsdóttir

Verkefnastjóri skipulagsmála

Þjónustu- og skipulagssvið

Geislagötu 9, 600 Akureyri

Beinn sími / Direct: (354) 460 1144

mariam@akureyri.is

https://www.akureyri.is

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Fyrirvari um tölvupóst / Email disclaimer